

### Nefndarálit og breytingartillaga

við tillögu að starfsreglum um meðferð mála og aðgerðir er varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni, ofbeldi, ámælisverða og refsiverða háttsemi innan þjóðkirkjunnar.

Frá allsherjarnefnd.

Frsm. Þuríður Björg Wium Árnadóttir.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt með eftirfarandi

#### *breytingartillögu*

1. gr.

Lagt er til að 3. mgr. 3. gr. tillögunnar falli brott.

2. gr.

1. mgr. 5. gr. tillögunnar hljóði svo:

Kirkjuþing skipar þrjá fulltrúa í aðgerðateymi þjóðkirkjunnar og þrjá til vara. Hyggist kirkjuþing skipa nýja fulltrúa í aðgerðateymið skal það gert með sex mánaða fyrirvara.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. tillögunnar:

a) c liður 7. gr. tillögunnar falli brott.

b) Lagt er til að d liður sem verður c liður orðist svo:

Með því að leiðbeina málsaðila um lagaleg úrræði og/eða aðstoða við að leita til fagaðila.

d) e liður verði d liður.

e) Eftirfarandi málsgrein verður lokamálsgrein ákvæðisins .

Tilkynningar er varða ágreining skal reynt að leysa á einfaldan hátt og skal vísað til prófaste, vígslubiskupa eða mannauðsstjóra Þjóðkirkjunnar sem getur vísað málum í sáttameðferð ef við á. Teymið skal því vísa málum sem ekki falla að þeim ramma er því er sett til mannauðssviðs.

4.gr

Eftirfarandi málsgrein bætist við 8. grein tillögunnar og verður 10. mgr.:

Málsmeðferðartíma nefndarinnar skal hraðað sem kostur er.

Reykjavík, 17. október 2023.

*Allsherjarnefnd*

Auður Thorberg Jónasdóttir.

Axel Árnason Njarðvík, varaformaður.

Áslaug Kristjánsdóttir.

Benjamín Hrafn Böðvarsson.

Eva Björk Valdimarsdóttir.

Hjörleifur Þórarinsson.

Jónína Rós Guðmundsdóttir.

Ólafur Gestur Rafnsson.

Rúnar Vilhjálmsson.

Þuríður Björg Wium Árnadóttir, formaður.